

## Réttindi og skyldur aðila

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að koma á skipulegu vinnuverndarstarfi sem tekur til fyrirtækisins í heild og allra vinnuaðstæðna sem geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna. Þó að atvinnurekandi fái til liðs við sig viðurkenndan þjónustuaðila við gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði ber hann engu að síður ábyrgð á að hún sé unnin og henni fylgt eftir enda er atvinnurekanda skylt að taka þátt í samstarfi um vinnuverndarmál.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna vinnuverndarstarfs og ráðstafana sem gerðar eru til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtækinu. Óheimilt er að leggja slíkan kostnað á starfsmenn. Þar sem fleiri en einn atvinnurekandi á aðild að starfsemi á sama vinnustað skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað og heilsusamlegar og öruggar vinnuaðstæður á vinnustaðnum.

Starfsmenn eiga að taka þátt í samstarfi um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustaðnum. Þeim er einnig skylt að nota verkfæri og annan búnað á réttan hátt, þ.m.t. persónuhlífar og allan annan öryggisbúnað.

Starfsmenn eiga að upplýsa atvinnurekanda um allar aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilbrigði sé hættu búin.

## Fræðsla

Atvinnurekandi skal tryggja að hver starfsmaður fái nægilega þjálfun að því er varðar aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað, meðal annars með upplýsingum og tilsögn sem sniðin er að vinnuaðstæðum hans og starfi. Huga ber sérstaklega að nýliðapjálfun og að fræðsla og þjálfun nái til allra starfsmanna, jafnt íslenskra sem erlendra. Atvinnurekandi skal jafnframt sjá um að öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir fái viðeigandi fræðslu og þjálfun með því að sækja námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar fá þeir grunnfræðslu um vinnuvernd auk þess að kynna vinnuverndarlögunum og reglugerðum sem á þeim byggja.

### Umdæmisskrifstofur Vinnueftirlitsins eru á eftirtöldum stöðum:

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík, sími: 550 4600  
 Stillholti 18, 300 Akranesi, sími: 431 2670  
 Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði, sími: 450 3080  
 Faxatorgi 1, 550 Sauðárkróki, sími: 455 6015  
 Skipagötu 14, 600 Akureyri, sími: 460 6800  
 Útgarði 1, 640 Húsavík, sími: 464 2300  
 Kaupvangi 6, 700 Egilsstöðum, sími: 471 1636  
 Sunnumörk 2, 810 Hveragerði, sími: 483 4660  
 Krossmóa 4, 260 Reykjanesbær, sími: 420 2040, f: 420 2041



## VINNUEFTIRLITIÐ

Bildshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610  
 Netfang: vinnueftirlit@ver.is Veffang: www.vinnueftirlit.is

# Vinnu verndar starf

## á vinnustöðum

Virkt vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og stofnunum er hornsteinn forvarna gegn vinnuslysum og atvinnutengdum sjúkdómum. Það stuðlar einnig að vellíðan í vinnu og bættum hag fyrirtækja og stofnana. Vinnuverndarstarfið byggir á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, oftast kölluð *vinnuverndarlögin*. Nokkur þróun hefur orðið á hlutverki og starfi *öryggistrúnaðarmanna* og *öryggisvarða* en helsta breytingin var gerð með reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Þar er kveðið á um skipulag vinnuverndarstarfs og helstu verkefni öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða.

## Vinnuverndarstarf fyrirtækja

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir eiga að vera í öllum fyrirtækjum þar sem vinna 10 manns eða fleiri en fjöldi þeirra fer eftir starfsmannafjölda fyrirtækis sem hér segir:

- **1- 9 starfsmenn:**  
Í litlum fyrirtækjum þarf ekki að kjósa sérstakan aðila til að sinna vinnuverndarmálum heldur skulu atvinnurekandi og verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuhættum og öryggi á vinnustað í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra.
- **10 – 49 starfsmenn:**  
Þegar starfsmenn eru 10–49 þurfa sérstakir aðilar að sinna vinnuverndarmálunum. Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki öryggisvörður sjálfur, að tilnefna úr hópi stjórnenda fulltrúa sinn sem öryggisvörð. Þá skulu starfsmenn kjósa öryggistrúnaðarmann úr sínum hópi.
- **50 starfsmenn og fleiri:**  
Í stórum fyrirtækjum skal atvinnurekandi tilnefna tvo öryggisverði og starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo öryggistrúnaðarmenn. Þá kallast hópurinn öryggisnefnd.


Ef starfsmannafjöldinn er sveiflukennndur skal miða við meðalfjölda starfsmanna næsta ár á undan. Þetta eru *lágmarkskröfur* Vinnueftirlitsins en fleiri geta verið í

öryggisnefndinni ef þurfa þykir. Til dæmis ef um deildaskipt fyrirtæki er að ræða er oft viðeigandi að hafa einn öryggistrúnaðarmann eða öryggisvörð úr hverri deild. Ef þessir aðilar eru margir situr oft aðeins hluti þeirra í öryggisnefndinni.

## Kosning öryggistrúnaðarmanns

Undirbúningur og framkvæmd kosningar öryggistrúnaðarmanns er í höndum trúnaðarmanna stéttarfélaga. Tekið skal fram að öryggistrúnaðarmaður er fulltrúi allra starfsmanna án tillits til stéttarfélagsaðildar þeirra. Kosning skal fara fram með skriflegri atkvæðagreiðslu sem stendur að

lágmarki einn vinnudag eða fer fram á starfsmannafundi sem hefur verið boðaður með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Kjörgengir eru allir starfsmenn fyrirtækis *nema stjórnendur*. Æskilegt er að sá, sem gefur kost á sér, hafi starfað í að minnsta kosti eitt ár við fyrirtækið og hafi í daglegum störfum sínum yfirsýn yfir sem mestan hluta starfseminnar. Kosningarétt hafa allir starfsmenn fyrirtækisins *nema stjórnendur* án tillits til ráðningarforms og starfshlutfalls starfsmanna. Kosning öryggistrúnaðarmanns er til tveggja ára í senn. Hann nýtur sömu verndar og félagslegur trúnaðarmaður skv.11. gr.laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.



*Skýringarmyndin sýnir dæmi um hvernig hægt væri að skipuleggja vinnuverndarstarf í stóru fyrirtæki með dreifða starfsemi. Ef starfsstöðvarnar eru mjög margar er ekki nauðsynlegt að fulltrúi frá hverri þeirra sitji í öryggisnefnd fyrirtækisins. Ef svo háttar þarf að vera góð tenging milli öryggisnefndar og annarra öryggistrúnaðarmanna og -varða.*

## Skipun öryggisvarða

Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki öryggisvörður sjálfur, að tilnefna í sinn stað öryggisvörð með fullu umboði. Miklu máli skiptir að öryggisvörður sé skipaður úr röðum stjórnenda.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirlitinu um þá sem tilnefndir eru sem öryggisverðir og kosnir eru sem öryggistrúnaðarmenn. Eyðublöð eru á heimasíðu Vinnueftirlitsins ([www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)).

## Starf öryggisnefndar

Öryggisnefnd kys sér formann og ritara, hvorn um sig til eins árs í senn, og skulu þeir til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða.

Öryggisnefnd tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum og þá sérstaklega slys, óhöpp og atvinnusjúkdóma með það fyrir augum að finna orsakir og leggja fram tillögur um úrbætur í forvarnarskygni.

*Eitt umfangsmesta hlutverk öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða er að taka þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þ.m.t. gerð áhættumats.*

Þar sem meiriháttar verklegar framkvæmdir með aðild fleiri en eins atvinnurekanda standa yfir skal skipuð sérstök öryggisnefnd með aðild öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða úr öllum starfseiningum og frá öðrum aðilum eftir því sem ástæða er til.